


Gildandi skipulag



Breytt skipulag

SKÝRINGAR

- Legend for map symbols including colored boxes for different zones (e.g., Svæði fyrir íbúðabyggð, Svæði fyrir þjónustustofnanir) and line styles for roads and ship routes.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann \_\_\_\_\_

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_

Ísafjarðarbær. Óveruleg breyting á aðalskipulagi Jarð- og sæstrengrum í Arnarfirði

GREINARGERÐ

ALMENNT
Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Tillagan felur í sér breytingu á greinargerð og uppdrætti. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4. janúar 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31. mars 2010.

ÁSTÆÐUR BREYTINGA
Um er að ræða lagningu nýs 16 km langs 66 kV jarðstreng frá Mjólki að Hrafnseyrarhúsi og þaðan með sæstrengrum yfir Arnarfjörð í átt að Bildudal. Jarðstrengur liggur að mestu leyti samhliða þjóðvegi nr. 60, Vestfjarðavegi milli Mjólks og Hrafnseyrar.

Landsnet hf. sendi þann 20. apríl 2021 tilkynningu um fyrirhugaðan jarðstreng milli Mjólks og Bildudals og sæstrengrum yfir Arnarfjörð í Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun ákvarðaði með bréfi dags. 26. júlí 2021, að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Breytingin er talin í samræmi við megin stefnu aðalskipulagsins en í henni er m.a. lögð áhersla á að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu sem og í nágrennsveitarfélögum sem tengjast inn á tengivirki í Mjólki. Einnig að draga verulega úr straumleysi og að hægt verði að mæta aukinni orkuþörf. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að línur verði lagðar í jörðu þar sem kostur er og leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

BREYTINGAR Í GREINARGERÐ
Gerð er breyting á greinargerð þar sem bætt er við töflu 11.3 Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur.

Tafla 11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur.

Table with 2 columns: Lína (Line) and Ákvæði (Decision). It details the proposed 66 kV power line and its route through the area.

BREYTINGAR Á UPÐRÆTTI
Breyting er gerð á uppdrætti í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um bætt afhendingaröryggi raforku í nágrennsveitarfélögum. Táknir eru bættir inn fyrir rafveitu í jörðu meðfram þjóðvegi og liggur frá Mjólksvirkjun og að eyðibýlinu Hrafnseyrarhúsi. Rétt vestan við Hrafnseyrarhús fer strengurinn í sæstrengrum yfir Arnarfjörð að Vesturbyggð, þar sem hann liggur í suðvestur átt.

UMHVERFISÁHRIF
Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Breytingin hefur óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Rafstrengur mun liggja að mestu samhliða vegi. Rafstrengur í jörðu er ekki líklegur til hafa áhrif á hverfisverndað svæði, þjóðminjasvæði þ8 við Hrafnseyrarkirkju eða á fornminjar T7 á Hrafnseyri.

Sæstrengrum verður lagður ofan á botn fjarðar og hefur helst áhrif á lífríki á sjávarbotni og nýtingu á hafsvæði. Áhrifin eru talin varanleg en afturkræf. Umfang áhrifa er takmarkað. Breytingin hefur óveruleg áhrif á einstaka aðila eða eignir, en samfélagleg áhrif eru talin verulega jákvæð.

